

Fyrirspurn

til félagsmálaráðherra um túlkun jafnréttis laga og skipun í embætti hæstaréttardómara.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Er ráðherra sammála framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu, sem látið hefur þá skoðun opinberlega í ljós að skipun hæstaréttardómara nýlega hafi verið brot á jafnréttislögum og farið í bága við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum?
2. Gerði jafnréttisráðherra athugasemd á ríkisstjórnarfundum þegar dómsmálaráðherra kynnti áform sín um skipun hæstaréttardómara?
3. Er jafnréttisráðherra sammála þeirri túlkun á jafnréttislögnum að sækja karl og kona með sömu hæfileika og menntun um starf í starfsgrein þar sem annað kynið er allsráðandi skuli það hljóta starfið sem er af því kyni sem er í minni hluta í starfsgreininni?